

GJALDSKRÁ

fyrir hunda- og kattahald í Skútustaðahreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps hefur sett sveitarfélaginu samþykkt um hunda- og kattahald nr. 22/2017 skv. 4. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

2. gr.

Sveitarsjóður innheimtir skráningargjald sem ætlað er til að framfylgja samþykktinni fyrir þá hunda og ketti sem leyfi er veitt fyrir, sbr. gjaldskrá þessa.

3. gr.

Gjaldskráin er sem hér segir:

- a. Skráningargjald fyrir hund er kr. 10.400.
- b. Skráningargjald fyrir kött er kr. 5.200.
- c. Handsömunargjald fyrir hund og kött er 5.200 kr. í fyrsta sinn, 10.400 kr. í annað sinn.

4. gr.

Ofangreind gjaldskrá var samþykkt í sveitarstjórn Skútustaðahrepps 14. desember 2016 og öðlast gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Mývatnssveit, 23. janúar 2017.

Þorsteinn Gunnarsson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 25. janúar 2017